

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Iðnaðurinn hér á landi hefur átt við mikla örðugleika að stríða að undanfögnu, og eiga þeir sér rætur í ýmsum orsökum, m. a. minnkaðri tollvernd, takmörkuðu lánsfé til endurbóta í rekstrinum, samkeppni við vörur á undirboðsverði og háum tollum á vélum og tækjum til framleiðslunnar, en það er þetta síðastnefnda, sem þetta frv. miðar að því að lagfæra nokkuð.

Sú stefna að minnka tollvernd innlands iðnaðar er eðlileg sem liður í viðtækari aðgerðum, en hún er því aðeins réttlætunleg, að iðnaðinum sé gefið svigrúm og möguleikar til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Eitt af því, sem gera þarf, er að lækka mjög verulega eða jafnvel afnema alveg tolla á vélum og tækjum til framleiðslunnar. Það er ekki gert í þessu frv., sem miðar aðeins skamman spöl í þessa átt.

Það hefur um nokkurt skeið verið almennur skilningur á því, að það væri röng stefna og hættuleg að leggja háa tolla á vélar og tæki, sem framleiðslan byggist á. Það spillir ekki aðeins samkeppnisaðstöðunni vegna hærri vaxta og afskrifta, heldur dregur það heinlínis úr viljanum og viðleitninni til að vélvæða og taka upp nýja tækni, en allir eru þó sammála um það, að aukin tækni og vélvæðing er lausnar-orðið í atvinnuuppbyggingu nútímans.

Frv. þetta stefnir þá einnig að því að lækka þessa tolla nokkuð, en því miður of lítið miðað við núverandi aðstæður og minna en vonir stóðu til, þegar á það er litið, að fjármálaráðherrann hefur jafnan sýnt þessum sjónarmiðum skilning.

Að þessu frv. samþykktu yrðu vélar og tæki til framleiðslunnar tollaðar á fimm mismunandi vegu:

1. 0% — bátar og vélar til fiskveiða.
2. 4% — veiðarfæri og tæki til fiskveiða.
3. 10% — landbúnaðarvélar og vélar til fiskiðnaðar.
4. 15% — vélar til fiskiðnaðar, sem eru einnig framleiddar hér innanlands.
5. 25% — vélar og tæki til iðnaðar úr landbúnaðarvörum og annars iðnaðar fyrir innlendan markað.

Það kann að hljóma sæmilega í fljótu bragði, að fiskveiðar og fiskiðnaður eigi í þessu efni að búa við betri kosti en önnur framleiðsla, en þegar betur er að gáð, liggja engin haldgóð rök til þeirrar skiptingar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ef fara á eftir því, hvort um er að ræða frumframleiðslu (hráefnaöflun) eða iðnað, ættu landbúnaðarvélar að vera í flokki með vélum og tækjum til fiskveiða, þ. e. 0—4%, svo sem sjálfsagt er. Sé hins vegar farið eftir því, hvort unnið er fyrir innlendan eða erlendan markað, liggja ekki frekari rök til að tolla fiskiðnaðarvélar en t. d. veiðarfæri og tæki eða bátana sjálfa. Ekki ætti þá heldur að leggja háa tolla á vélar til ullar- og skinnavinnslu, prjónavélar o. fl. Að því verður að gá, að einmitt þessir háu vélatollar eiga sinn þátt í því, að ýmsar vörur eru ekki útflutningsvörur, þó að þær gætu annars verið það.

Það hniga engin rök til að flokka framleiðsluna á þennan hátt. Allar eru þessar greinar þýðingarmiklar fyrir þjóðarbúskapinn, og er enginn grundvallarmunur á, hvort framleitt er fyrir innlendan eða erlendan markað. Vélatollar eru alltaf á hinu illa, því að þeir eru hemill á tæknilegar framfarir.

Þess vegna leggjum við til, að þessar vélar og tæki (að undanskildum tölulíð 1 að framan) verði allar í 4% tolli, og flytjum um það breytingartillögur á þskj. 447.

Aðrar breytingartill. flytjum við ekki. Ekki er það þó vegna þess, að við séum skyndilega orðnir ánægðir með ýmis atriði tollskrárinnar, sem við höfum áður gagnrýnt, heldur hitt, að við höfum talið eðlilegt að verða við tilmælum formanns fjárhagsnefndar að halda málinu innan þess sviðs, sem er höfuðatriði frv. þessa, þ. e. vélar og tæki, enda er þar um mikilsvert grundvallaratriði að ræða, eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Helgi Bergs, Ásgeir Bjarnason.
frsm.